

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 18. júní 2018
UST201805-124/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - deiliskipulag - Sogsvirkjanir

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Sogsvirkjana, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sogsvirkjanir eru: Ljósafossstöð frá 1937, Írafossstöð frá 1953 og Steingrímsstöð frá 1959.

Almennar breytingar

Í lýsingu kemur fram að gerð deiliskipulags fyrir virkjanasvæðið kallar á breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020, og er farið yfir áætlaðar breytingar í lýsingunni. Einnig kemur fram að ekki er í gildi deiliskipulag af virkjanasvæðunum.

Verndun vatnasviðs Þingvallavatns

Eins og fram kemur í lýsingu eru mannvirki Steingrímsstöðvar innan vatnasviðs Þingvallavatns þar sem gilda lög um verndun vatnasviðs Þingvallavatns nr. 85/2005. Umhverfisstofnun tekur undir það að í lýsingu koma fram þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði.

Umhverfisáhrif

Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að áætlað er að reisa tengivirkishús fyrir Írafossstöð. Írafossstöð er með uppsett afl 48 MW.

Í umfjöllun um matskyldu segir í lýsingu að bygging orkuvera með 10 MW uppsett rafafli eða meira er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfisstofnun bendir á ofangreindar upplýsingar gilda um jarðvarmavirkjanir. Stofnunin bendir á að varðandi vatnsorkuver, þá eru vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tilkynna áætlun um tengivirkishús til Skipulagsstofnunar þó að stöðin hafi verið byggð, þar sem stöðin er á verndarsvæði þ.e. á svæði á náttúruminjaskrá nr. 747 Alviðra og Sog, en í skránni kemur eftirfarandi fram: „Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvitár upp að Írafossvirkjun





UMHVERFIS
STOFNUN

(Ýrufossvirkjun), ásamt Álfvatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki frekari athugasemdir. Að mati Umhverfisstofnunar er gerð deiliskipulags ofangreindra svæða mikilvægt.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Teymisstjóri